

Heiðarskóli



**Bekkjarnámskrá  
5. bekkur  
2011-2012**



**Bakgrunnsupplýsingar**

Í 5.bekk eru 27 nemendur í einni bekkjardeild. Umsjónarkennari er Kristín Gunnarsdóttir. Kennslustundir eru 35 og skiptast þannig á stundatöflu:

Íslenska	8
Stærðfræði	7
Samfélagsfræði	3
Náttúrufræði	3
Enska	2
Kristinfræði	1
Lífisleikni	2
Íþróttir	2
Sund	1
Upplýsingamennt	2
Heimilsfræði	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Smíðar	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Textílmennt	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)
Myndlist	2 (hálfur bekkur í senn, skipt um áramót)

**Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.**

**Íslenska**

**Kennari:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku.**

Íslenskutímar skiptast þannig: **1) lestur og bókmenntir, 2) ritun, 3) málfræði 4) talað mál og hlustun.**

**Markmið:**

Íslenskukennsla er byggð á markmiðum í heildstæðri móðurmálskennslu skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007).

**1) Talað mál og hlustun**

Við lok 5.bekkjara á nemandi að geta;

- tjáð sig skýrt og áheyrilega
- flutt laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyrenda
- endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- sagt skipulega frá
- gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- verið fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum
- notið bókmennta- og afþreyingarefni, upplestrar, leiksýninga og söngs
- flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- hlustað og tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- nýtt sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til

fróðleiks og skemmtunar

## 2) Lestur og bókmenntir

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri og leitarlestri
- geta gert sér grein fyrir aðalatriðum í texta
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geta lesið texta og dregið ályktanir út frá honum
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur
- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, samlíkingu og boðskap
- þekkja karlrím, kvenrím og veggjað rím

## 3) Ritun

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta skrifað læsilega og af öryggi og lagt metnað í góðan frágang
- nota rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- þekkja hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum

## 4) Málfræði

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu
- átta sig á að munur er á hljóði og bókstaf og skilja hvernig orð skiptast í atkvæði
- geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum
- þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- gera sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta
- hafa þjálfast í að greina merkingarmun og blæbrigði orða
- hafa aukið við hugtakabekkingu sína í málfræði og málnotkun
- hafa eflt færni sína í vinnubrögðum og frágangi

### Námsmarkmið

Við lok 5.bekkjara á nemandi að;

- líta á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta (skrift, lestur, réttitun) sem nemendur eru þjálfaðir í án samhengis.
- geta tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fá tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín. Myndasögur notaðar við kennslu í ritun.

### Námsefni:

- Vanda-málið
- Mál í mótun
- Málrækt 1
- Réttitunarorðabók
- Stafsetning, ritreglur og æfingar
- Ljóðsprotar
- Ljóðahefti (af skólavef).
- Skrift 5
- Ýmis lestrarefni s.s. Blákápa, Óskasteinn og valin lesefni af skólavef.

### Ítarefni

- Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur auk yndislestrarbóka
- Handbækur sem tilheyrja heildstæðri móðurmálskennslu

### Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir flokkar íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluáferðum og margvíslegu námsefni. Höfðað er til færnisþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Notast er við fjölbreyttar kennsluáferðir eins og yfirlitslestur, leitarnám, sóknarskrift, sjálfstæð, skapandi viðfangsefni, umræður og hópvinubrögð. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til að örva málkenn og færni í íslensku máli. Íslenskan verður samþætt við sem flestar námsgreinar. Ýmis þemaverkefni verða unnin á skólaárinu þar sem samþætting íslenskunnar við aðrar námsgreinar verður höfð að leiðarljósi.

### Lestrarviðmið:

Þar sem lestur er undirstaða alls náms verður mikil áhersla lögð á hann. Nemendur eru prófaðir í raddlestri a.m.k. fimm sinnum á skólaárinu. Markmiðið með prófi í raddlestri er að meta hversu villulaust og hratt nemandi getur lesið upphátt. Með prófunum fæst einnig góð vitneskja um framfarir.

Heiðarskóli hefur sett sér viðmið í lestri. Við lok 5. bekkjar þurfa nemendur að geta lesið 220-300 atkv/mín. Nemendur sem ekki ná 180 atkv/mín fá sérstaka aðstoð og eru prófaðir annan hvern mánuð.

Mikil áhersla verður lögð á að nemendur auki leshraða sinn, lesskilning og áhuga á lestri. Til að auka leshraða munu nemendur lesa daglega heima og í skólanum, hraðlestraræfingar verða hafðar reglulega og fjölbreytilegir textar lesnir. Nemendur setja sér eigin markmið um hversu mikið þeir ætla að auka leshraðann.

Til að efla lesskilning verða lesnir textar, rýnt í þá og unnin fjölbreytt verkefni úr þeim. Nýttar verða aðferðir gagnvirkis lestrar, unnið verður með málshætti og fjölbreytt málfar verður í hávegum haft.

Bækur verða aðgengilegar fyrir nemendur á skólabókasafni og bæjarbókasafni.

### Námsmat:

### Haustönn:

- Stafsetning: Gildir 20 % af lokaeinkunn (fjórar kannanir )  
Lesskilningur: 1. próf, gildir 10 % af lokaeinkunn, 2. próf gildir 10% af lokaeinkunn.  
Ritun: Gildir 15 % af lokaeinkunn.  
Málfræði: Gildir 35 % af lokaeinkunn.  
Vinnubrögð: Gildir 10 % af lokaeinkunn.  
Lestur: Raddlestrarpróf verða í september, október og nóvember. Raddlestrarpróf í desember gildir 100 %.  
Skrift: Skriftarpróf gildir 50 % af lokaeinkunn, en vinnubækur gilda 50 % af lokaeinkunn.

### Vorönn:

- Stafsetning: Gildir 20 % af lokaeinkunn (fjórar kannanir )  
Lesskilningur: 1. próf, gildir 10 % af lokaeinkunn, 2. próf gildir 10% af lokaeinkunn.  
Ritun: Gildir 15 % af lokaeinkunn.  
Málfræði: Gildir 35 % af lokaeinkunn.  
Vinnubrögð: Gildir 10 % af lokaeinkunn.  
Lestur: Raddlestrarpróf verða í janúar, mars, apríl.  
Framsagnarpróf verða í maí.  
Skrift: Skriftarpróf gildir 50 % af lokaeinkunn, en vinnubækur gilda 50 % af lokaeinkunn.

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga ef með þarf.

### **Stærðfræði:**

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku.

### **Markmið:**

Stærðfræðikennsla er byggð á markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 5. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi
- kynnast stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun.
- að efla vitsmunabroska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

### Stærðfræði og tungumál

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta lesið töflur og einföld línu- og súlurit um töluleg gögn, flokkað sjálfur einföld töluleg gögn
- geta skráð niðurstöður mælinga og gert grein fyrir þeim munnlega, skriflega og á myndrænu formi (súlurit og línurit)
- geta lesið og skrifað heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar
- geta lesið og ritað almenn brot og notað tugabrotaríthátt
- geta lesið með skilningi allan stærðfræðitexta
- kunna á klukku
- geta nýtt sér stærðfræðileg hugtök og aðferðir við lausn verkefna í samvinnu við skólasystkini sín

### Lausnir verkefna og þrauta

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta borið viðfangsefni saman við margvísleg verkefni sem hann hefur áður leyst
- geta glímt við flókin viðfangsefni með því að setja þau á svið eða teikna myndir
- geta búið til töflur
- geta leitað að mynstri eða reglu
- geta giskað á lausnir og prófa þær
- geta unnið sig til baka í aðgerðum
- geta áttað sig á mikilvægi þess að kynna sér og skilja verkefnið til hlítar og hafa tamið sér að leita að spurningum og tilgátum sem skýra verkefnið
- geta unnið í samstarfi við aðra við erfið stærðfræðiverkefni og lært að meta kosti samvinnu

### Röksamhengi og röksemdafærslur

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta beitt einföldum röksemdafærslum
- geta rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnarleiðir
- geta sett einfaldar röksemdafærslur fram skiljanlega og skýrt í mæltu og rituðu máli

### Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta aflað upplýsinga úr texta og sett upp dæmi
- geta breytt milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm, kg í g og l í dl
- geta reiknað milli sekúndna, mínútna, klukkustunda og daga af öryggi
- skilja að það er tímamunur milli ólíkra heimshluta og hafa fengist við verkefni sem fela í sér útreikninga á tímamun milli landa innan mismunandi tímabelta
- kunna að gera sér stærðfræðileg hugtök skiljanlegri með því að setja þau í samband við hversdagslega hluti

### Tölur

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta breytt einföldum almennum brotum í tugabrot, s.s.  $\frac{1}{2}$ ,  $\frac{1}{5}$  og  $\frac{1}{10}$
- hafa kynnst hugtakinu að ganga upp í
- þekkja deilingu með afgangi

- sannreyna að margföldun og deiling með 10 jafngildir færslu um eitt sæti í tugakerfinu
- geta mælt og lesið tugabrot með tveggja stafa nákvæmni
- geta stýtt og lengt almenn brot og átti sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu
- þekkja jákvæðar og neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli
- hafa þekkingu á sætistalnakervi, einkum á tugakerfinu

### Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta margfaldað og deilt í huganum innan 10 sinnum 10 margföldunartöflunnar
- geta lagt tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu og dregið tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu
- geta margfaldað tveggja stafa tölu með eins stafs tölu og deilt í tveggja stafa tölu með eins stafs tölu
- kunna að prófa frádrátt með samlagningu, samlagningu með frádrætti, deilingu með margföldun og margföldun með deilingu
- sýna leikni í hugarreikningi með heila tugi, hundruð og þúsund
- geta reiknað í huganum samlagningar- og frádráttardæmi með tveimur tveggja stafa tölum
- geta notfært sér námundun til að breyta reikningsdæmi í hliðstætt dæmi með ámóta tölum sem nemandinn getur síðan reiknað í huganum
- geta lagt saman tugabrot með einum aukastaf, t.d. lengdir mældar í cm og fundið mismun þeirra

### Hlutföll og prósentur

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- hafa kynnst því að 50% er helmingur
- bera hlutföll saman við helming
- geta leyst ýmis verkefni varðandi hlutföll, s.s. að stækka og smækka myndir eða mataruppskriftir

### Mynstur og algebra

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- geta nefnt óþekktar stærðir með bókstaf, t.d. til að búa til jöfnur um einföld talnasambönd
- hafa kynnst því að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti og deilingu, gjarnan með aðstoð reiknivélar
- geta leyst mjög einfalda jöfnu með einni óþekkttri stærð
- ráða við einföld orðadæmi, þ.e. geta þýtt upplýsingar yfir á stærðfræðilegt mál

### Rúmfræði

Við lok 5.bekkjjar á nemandi að;

- kunna að nota hugtökin rétt, hvasst og gleitt horn, viti að rétt horn er  $90^\circ$  og að hringurinn er  $360^\circ$
- geti notað hnit í fyrsta fjórðungi hnitakerfisins
- hafi kynnst snúningi um punkt og því að snúningur um punkt jafngildir speglunum um tvær línur sem liggja um sama punkt

- kunna að velja heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd og mæli lengdir upp á millimetra
- geta þekkt ýmsar gerðir flatarmynda, s.s. þríhyrning, ferhyrning, ferning og rétthyrning, trapisu, tígul, hring og hugtök tengd, s.s. geisla, þvermál og ummál
- þekkja flutninga, svo sem hliðranir, speglanir og snúninga
- geta fundið flatarmál, þ.e. mælt flatarmál með rúðuneti, hafa tileinkað sér reglur um flatarmál rétthyrnings og þríhyrnings og geta beitt þeim

### Tölfræði og líkindafræði

Við lok 5.bekkjara á nemandi að:

- geta safnað gögnum, flokkað þau eftir tíðni og velja myndræna framsetningu
- geta notað tíðnitöflur, súlurit og línurit sem aðferðir til að setja fram töluleg gögn
- geta notað hugtökin tíðni og meðaltal og reiknað þessar stærðir í gefnu gagnasafni
- gera sér nokkra grein fyrir merkingu líkindahugtaksins og geta metið líkur með tilraunum í einföldum tilvikum

### Námsefni:

- Stika 1a og Stika 1b

### Ítarefni:

- Þrautahefti
- Fjölbreytt ljósritað efni
- Stjörnubækur
- Hringur 1 samlagning og frádráttur

### Gagnvirkt efni á kennsluvef:

- Kubbar
- Klukkuefurinn
- Geislavefurinn; Almenn brot, speglun, hnitakerfið o.fl.
- Þrír í röð - margföldun
- Skiptu jafnt - deiling
- Reiknum og reiknum
- Þríhyrningarnir, talnaferningurinn og ferhyrningarnir

### Kennslutilhögun:

Notast verður við fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. stöðvahringi, þemavinnu, gagnvirkt efni og fleira.

### Námsmat:

#### Haustönn:

Heilar tölur: Gildir 25 % af lokaeinkunn.  
Tölfræði: Gildir 25 % af lokaeinkunn.  
Tugabrot: Gildir 25 % af lokaeinkunn.  
Rúmfræði: Gildir 25 % af lokaeinkunn.

#### Vorönn:

Heilar tölur: Gildir 25 % af lokaeinkunn.  
Tölfræði: Gildir 25 % af lokaeinkunn.

Tugabrot: Gildir 25 % af lokaeinkunn.

Rúmfræði: Gildir 25 % af lokaeinkunn.

\*Námsmat vorannar er gert með fyrirvara um breytingar þar sem námsbækur eru ekki tilbúnar.

### **Enska:**

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku.

### **Markmið:**

Námsmarkmið 5. bekkjar í ensku er skipt í fimm þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál – samskipti, 4) Talað mál – frásögn 5) ritun.**

Við lok 5. bekkjar á nemandi að

- geta skilið fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku.
- hafa fengið markvisst þjálfun með orðaforða í tengslum við hlustun og ritun.
- geta tekið þátt í samskiptum við kennara og samnemendur í kennslustundum.
- geta skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnuglegt efni.
- hafa fengið þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.
- geta tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum
- geta hlustað eftir ákveðnum upplýsingum
- geta lesið stuttan einfaldan texta með eða án mynda
- geta fylgst með í texta, t.d. sungið og lesið með
- geta sagt frá sjálfum sér og nánasta umhverfi
- kunnir að nota algeng orð og orðasambönd tengd tíma, t.d. *yesterday, next week*
- geta búið til setningar við mynd
- geta tekið þátt í samskiptum við kennara og samnemendur, t.d. beðist afsökunar

### **Námsefni:**

- **Portfolio Build Up – hálf bók**
- A year of fun
- Work out - vinnubók seinni hluti
- Speak Out - seinni hluti
- Ýmsir textar og verkefni
- Enska – með gátum og skrátlum
- Hickory - lesbók

### **Kennslutilhögun:**

Nemendur læra að hlusta á texta og syngja þá á ensku ásamt því að glósa algeng orð og skrifa einfaldar setningar. Kennsla fer að mestu leyti fram í skóla.

### **Námsmat:**

### **Haustönn:**

Glósupróf: Gildir 15 % af lokaeinkunn.

Glósupróf: Gildir 15 % af lokeinkunn.

Málfræðipróf: Gildir 20 % af lokaeinkunn.

Yfirlitspróf: Gildir 40 % af lokaeinkunn.

Vinnueinkunn Gildir 10% af lokaeinkunn.

**Vorönn:**

Glósupróf: Gildir 15 % af lokaeinkunn.

Glósupróf: Gildir 15 % af lokeinkunn.

Málfræðipróf: Gildir 20 % af lokaeinkunn.

Yfirlitspróf: Gildir 40 % af lokaeinkunn.

Vinnueinkunn Gildir 10% af lokaeinkunn.

**Samfélagsfræði:**

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku.

**Markmið:**

Samfélagsfræðin skiptist í tvo þætti, sögu og landafræði.

**Saga:**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- fái tilfinningu fyrir sögulegum minjum og heimildum af ólíku tagi.
- fái innsýn inn í líf, störf og trúarbrögð landnámsmanna og þekki söguna af landnámi Íslands í meginatriðum.
- fari í könnunarferðir um heimaslóðir víkinga, þ.e. leiti sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti um valda þætti víkingatímans, kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, myndverkum eða á annan skapandi hátt
- læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þar á meðal í heimabyggð
- læri um Rómaveldið og blómaskeið þess

**Landafræði:**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- átti sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna
- læri að nota kort og þekki á korti helstu bæi, ár, jökla, firði, flóa og fjöll
- þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess
- þekki hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður

**Námsefni:**

- Leifur Eiríksson
- Frá Róm til Þingvalla
- Óðinn og bræður hans
- Ísland -veröld til að njóta
- Land og líf

**Ítarefni:**

- Kortabók
- Leifur heppni Eiríksson, myndband

### **Kennslutilhögun:**

Unnið verður í þemavinnu. Nemendur læra að nota og umgangast kortabækur. Farið verður í Víkingaheima. Farið yfir Landnám Íslands. Fyrirhuguð er heimsókn í Þjóðminjasafn Íslands og í Víkingaheima, þar sem fræðst yrði um landnámið og fornleifar. Ennfremur er áætluð ferð í Hafnir þar sem fylgst verður með fornleifauppgreftri.

### **Námsmat:**

#### **Haustönn:**

Gagnapróf: Gildir 30 % af lokaeinkunn.  
Yfirlitspróf: Gildir 55 % af lokaeinkunn.  
Ástundun og vinnubrögð: Gildir 15 % af lokaeinkunn.

### **Náttúrufræði:**

**Kennarar:** María Óladóttir

**Tímafjöldi:** 3 stundir

#### **Markmið:**

Að nemendur kynnist og átti sig á samhenginu í náttúrunni og að námið efli ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru og umhverfi. Kynnist ýmsum hugtökum í eðlis-, efna- og jarðfræði. Tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Geti skrifað skýrslu um tilraun. Náttúrufræði er skipt í þrjá flokka, eðlisvísindi, jarðvísindi og lífvísindi

#### **Eðlisvísindi;**

Lögð verður áhersla á að nemendur:

- framkvæmi tilraunir og skoði dæmi í nánasta umhverfi
- geri athuganir þar sem notaðar eru linsur og stækkunargler
- fjalli um áhrif rafnotkunar á samfélagið
- kynnast rafstraumi í einföldum rásum og flutningi raforku
- kynnist seglum og geta nefnt dæmi um segulmögnuð efni í daglegu lífi.

#### **Jarðvísindi;**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- geri sér grein fyrir því að reikistjörnurnar snúast í kringum sólina eftir sporbaug líkt og jörðin
- geri sér grein fyrir því hverjar eru helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni
- fjalli um eldvirkni og jarðhræingar á Íslandi og geri sér grein fyrir
  - orsökum og afleiðingu
  - mögulegum afleiðingum
- geta útskýrt sól- og tunglmyrkva og mismunandi útlit tungls séð frá jörðu
- geta lýst á einfaldan hátt hvernig hreyfingar jarðar orsaka árstíðir og sjávarföll

#### **Lífvísindi;**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- kynnist margbreytileika lífríkisins á Íslandi
- kynnist helstu gróðursamfélögum hér á landi
- átti sig á skilyrðum til lífs
- tileinki sér vísindaleg vinnubrögð

**Námsefni:**

- Auðvitað 1
- Náttúran allan ársins hring

**Kennslutilhögun:**

Nemendur lesa kennslubækurnar í skóla og heima. Unnin eru verkefni samhliða efninu. Að auki er unnin valin verkefni og gerðar tilraunir þegar við á.

**Námsmat:**

**Haust:**

Auðvitað 1: 1. – 2. kafli - Próf – 20%  
Auðvitað 1: 3. Kafli – Próf 15%  
Auðvitað 1: Rafmagnstilraun – 10%  
Auðvitað 1: 4. Kafli - Próf 20%  
Auðvitað 1: Verkefnaskil – 15%  
Auðvitað 1: Leiðarbók – 20%

**Vor:**

Náttúran allan ársins hring: Próf 1 – 20%  
Náttúran allan ársins hring: Próf 2 – 20%  
Náttúran allan ársins hring: Verkefnaskil – 20%  
Náttúran allan ársins hring: Leiðarbók – 20%  
Náttúran allan ársins hring: Þemaverkefni – 20%

**Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.**

**Markmið:**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- kynnist lífi og starfi Jesús Krists
- hafi fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- hafi þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- þekki valda þætti úr sögu Ísraelsþjóðar frá brottförinni frá Egyptalandi til landnáms í Kanaanslandi, m.a. atburðina við Sínaí, sáttmálann (boðorðin) og Jósúa og hlutverk hans
- kanni merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi, uppruna jólahalds kristinna manna og söguna af heilögum Nikulási
- kynnist völdum sögum af lækningakraftaverkum Jesú
- læri um aðdragandann að handtöku Jesú og ástæður hennar og kunni skil á atburðum skírdags og föstudagsins langa
- kynnist öðrum trúarbrögðum svo sem: búddatrú, hindúatrú, islam og gyðingdómi

**Námsefni:**

- Brauð lífsins og vinnubók
- Trúarbrögðin okkar

**Ítarefni:**

- Ljósritað efni frá kennara

**Kennslutilhögun:**

Kennslubækur lesnar í skóla og verkefni unnin í tímum

### **Námsmat:**

#### **Haustönn:**

Gagnapróf: Gildir 60 % af lokaeinkunn

Vinnubrögð: Gildir 40 % af lokaeinkunn.

#### **Vorönn:**

Gagnapróf: Gildir 60 % af lokaeinkunn

Vinnubrögð: Gildir 40 % af lokaeinkunn.

### **Lífsleikni:**

**Kennari:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku.

### **Markmið**

Lögð verður áhersla á að nemendur;

- geti fylgt reglum, í leik eða starfi, einn eða með öðrum
- geti gert sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum tilfinningum og hvaða áhrif þær hafa á líðan og hegðun einstaklings og þeirra sem í kringum hann eru
- geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum
- öðlist færni í rökrænni hugsun ásamt því að tjá hugsanir sínar og skoðanir
- átti sig á gildi þess að leggja sitt af mörkum til mannúðarmála, s.s. að hjálpa bágstöddum og þeim sem minna mega sín
- hafi tileinkað sér helstu umferðarreglur og þekki helstu umferðarmerki
- geti vegið og metið á gagnrýninn hátt kosti og galla mismunandi möguleika, hugmynda og svara
- hafi lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta
  - sýnt sanngirni
  - sýnt réttlæti og kurteisi
  - leyst ágreining á farsælan hátt
  - staðist neikvæðan þrýsting frá jafningjum og gagnvart áróðri umhverfisins

### **Námsefni:**

- Allir saman
- Olweus
- Ýmis verkefni
- [www.umferð.is](http://www.umferð.is)
- Spor 5

### **Kennslutilhögun:**

Unnið verður eftir uppbyggingarstefnu sem skólinn starfar eftir. Olweus-verkefni unnin. Haldnir verða bekkjarfundir og gerður bekkjarsáttmáli.

Farið verður í ýmsa leiki til að auka samheldni og bekkjaranda. Unnið verður þemaverkefni í tenglum við umferðarmerki og umferðarreglur.

**Námsmat:** Skrifleg umsögn um ástundun og virkni í tímum.

### **Íþróttir:**

**Kennari:** Helena Ósk Jónsdóttir

**Tímafjöldi:** 2 tímar í viku

### **Prepamarkmið í skólaíþróttum fyrir 5. bekk**

#### **Skynþroski – hreyfiþroski**

Nemandi

- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu með aðstoð féлага, handstöðu upp við vegg eða rimla og að ganga í takt við tónlist eða hljóðmerki
- þjálfist í flóknum æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum kollhnís, löngum kollhnís, handstöðuveltu, kollhnís aftur á bak í réttstöðu, hliðarstökki yfir kubb eða kistu, klifri í köðlum þar sem áhersla er lögð á klifurgrip og örugga útfærslu og að sippa á einfaldan hátt og með ýmsum afbrigðum.
- taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleiki, staðarleitarleiki og ratleiki utanhúss
- fái þjálfun í óhefðbundnu hreyfiformi, s.s. að standa á línuskautum og að standa á snjóbretti
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttu sem stundaðar eru hér á landi, s.s. körfuknattleiks og knattspyrnu, frjálsíþróttu og fimleika
- nái tókum á undirstöðuatriðum í einni vetrariþrótt, s.s. að renna sér á skautum, að renna sér á svigskíðum og skíðagöngu

#### **Líkamsþroski – fagurþroski**

Nemandi

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum í nágrenni skóla og boltaleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum og liðaleikjum eins og boðhlaupi af ýmsum toga og boltaleikjum eins og veiðimannaleikjum af ýmsum toga.
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. reiptogi í ferhyrning.
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í 10 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. armbeygjum og armréttum
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. stígandi hlaupi og 30 m spretthlaupi
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. fjölþrepapróf, uppstökk án atrennu og 30 m spretthlaup
- taki þátt í æfingum og leikjum í formi stöðvaþjálfunar, hringþjálfunar og áfangþjálfunar
- nái tókum á einföldum dönsum eins og „hnerripolka“ og sænskum fingrapolka

- taki þátt í dans- og spunaverkefnum með eða án tónlistar
- læri að nýta sér möguleika til íþróttar og útivistar í sveitarfélaginu

### Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- læri að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið í íþróttum
- taki þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra
- læri að bera virðingu fyrir mismunandi getu félaga sinna
- beiti sköpun og tjáningu til að þjálfa snertingu, samvinnu, eftirvæntingu og jákvæða upplifun

### Vitsmunapróska

Nemandi

- taki þátt í umræðu um gildi íþróttar fyrir sál og líkama
- taki þátt í umræðu um svefn- og hvíldarþörf, mikilvægi hreyfingar og hollt mataræði
- öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
- fræðist um hlutverk öndunar og blóðrásar við líkamlega áreynslu
- þjálfist í undirstöðuatriðum íslenskrar glímu
- fái tækifæri til að þróa þekkta leiki eða gamla íslenska leiki
- tileinki sér helstu líkamsæfingar og heiti helstu hreyfinga eins og rétta og beygja, réttstaða, handstaða, hliðbeygja, bolvinda, bolbeygja, armbeygja og armréttar
- taki þátt í útivist og íþróttum þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs og fatnaðar
- læri að hafa rétt við í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tengslum við skipulag eigin þjálfunar

**Kennslutilhögun:** Til að ná þessum markmiðum þá verður farið í ýmsa leiki og gerðar æfingar, s.s. eltingaleiki, boltaleiki (t.d. fótbolti og körfubolti), golf, hafnabolti, bandý, boðhlaup, hringþjálfun, fimleikar, frjálssar o.fl.

**Námsmat:** Í formi umsagnar í lok haustannar og einkunnar að vori:

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum	40%
Prófæfingar	60%

**Prófæfingar mæla;** þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

### Sund:

**Kennari:** Elín Gunnarsdóttir

**Tímafjöldi:** 1 tími í viku

### Skynþroski – hreyfiþroski

Nemandi

- þjálfist í fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í
  - bringusundi
  - skólabaksundi
  - skriðsundi
  - baksundi
- þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund, s.s.
  - 10 m flugsundsfótatökum, með eða án hjálpartækja
  - höfrungahoppi í gegnum gjarðir
- nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s.
  - 25 m skólabaksundi
  - 25 m skriðsundi með sundfitum
  - 12 m baksundi
- nái tókum á eftirfarandi atriðum
  - stungu af bakka
  - að sækja hlut á 1–2 m dýpi eftir 5 metra sund
  - að troða marvaða í 20–30 sek.

### Líkamsþroski – fagurþroski

Nemandi

- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamsþol,
  - að synda a.m.k. 75 m bringusund án hvíldar
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð,
- taki þátt í
  - fjölbreyttri sundleikfimi
  - stöðvaþjálfun á sundstað
- taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni við sundtök

### Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- taki þátt í leikjum og æfingum í vatni og læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum,
- fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum

### Vitsmunapróska

Nemandi

- skilji helstu markmið æfinga og leikja í sundi
- taki þátt í umræðu um áhrif sundþjálfunar á líkamann
- þekki helstu öryggisatriði sundstaðar og geti brugðist rétt við þegar slys ber að höndum
- þjálfist í að synda með bjarghring til félaga í grunnri laug og syndi síðan með hann um 5 m að bakka til baka
- þjálfist í að detta í vatn í fötum og bjarga sér á sundi
- læri að meta þær hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum

**Námsmat:** Umsögn og upplýsingar gefnar um stöðu nemenda á hverri önn. Námsmat í formi einkunnar í lok skólaárs:

Ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum 40%  
Prófæfingar 60%

### **Upplýsinga- og tæknimennt:**

**Kennari:** Umsjónarkennari.

**Tímafjöldi:** 2 stundir á viku

#### **Markmið:**

Að nemandi

- móti sér skoðun á gildi tölvutækninnar við upplýsingaleit og þekkingaröflun
- fái þjálfun í að nota tölvur til náms
- þjálfist í réttri fingrasetningu
- kynnist og vinni í ritvinnsluforritinu Word
- læri að geyma eigin upplýsingar með skipulögðum hætti á tölvutæku formi
- geta brotið upp texta með myndum
- geti sett upp einfaldar skjásýningar í Power Point
- læri að nota algengar leitarvélar
- fái tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali

#### **Námsefni:**

- Ritfinnur
- Gagnvirkt efni af vef skólans
- Office pakinn - Word og PowerPoint
- Leitarvélin Google
- Valdar heimasíður

#### **Kennslutilhögun:**

Nemendur fara í tölvuver og vinna þar ýmis verkefni. Mikilvægt er að kenna nemendum tækni við öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám nemenda. Ýmsir námsvefir í tengslum við önnur fög. Nemendur þjálfu fingrasetningu við vinnu sína á ritþjálfu.

**Námsmat:** Vinna í tímum, virkni og áhugi metinn yfir allt skólaárið. Umsögn í lok skólaárs.

### **Heimilisfræði:**

**Kennari:** Ólöf Jónsdóttir.

**Tímafjöldi:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

**Markmið:** Að auka leikni nemanda við matreiðslu og frágang í eldhúsi. Að nemendur auki þekkingu sína á góðum matarvenjum. Að nemendur geti valið sér mælitæki og áhöld sem henta hverju verki. Að nemendur þjálfist í því að vinna sjálfstætt og í hópi. Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfisvernd.

**Námsefni:** Gott og gagnlegt, námsefni fyrir 5.bekk. Myndbandið Ævintýrið um hina undursamlegu kartöflu.

**Kennslutilhögun:** Nemendur vinna verkefni úr bókinni, bæði verkleg og bókleg. Flest það sem þau baka fara þau með heim en annað er borðað í tímanum. Nemendur vaska upp og ganga frá eftir sig.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum, hegðun, vinnusemi, frágangur, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna.

### **Myndlist:**

**Kennari:** Helga Haraldsdóttir

**Tímafjöldi:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

### **Markmið:**

Að nemandi:

- þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- geti gengið frá verkefnum og áhöldum.
- viti að hefðbundin mynstur byggjast á notkun tákna
- vinni verk í tengslum við listasöguna
- þekki hugtökin hönnun, handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst
- skoði litatóna og geri sér grein fyrir mismunandi áhrifum lita..
- þekki mun á forgrunni, bakgrunni í mynd.
- þekki einfalda fjarvídd, nálægð og fjarlægð.
- þekki mun á kyrrð og hreyfingu í mynd.
- þekki mun á ljósi og skugga í lit.

**Námsefni:** Höfundur er kennarinn.

**Kennslutilhögun:** Kennslan byggist á að þroska færni nemanda, námið felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndlistarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. [Sjá kennsluáætlun.](#)

### **Sköpun/túlkun/tjáning**

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

### **Skynjun/greining/mat**

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndlistar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndlistarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

**Námsmat:** Virkni, frumkvæði, áhugi og hegðun nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnir til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki

### **Textíl:**

**Kennari:** Hanna Vilhjálmsdóttir

**Tímafjöldi:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

### **Markmið:**

Að nemandi

- Teikni einfaldar skissur og nýti sér þær við eigin hugmyndavinnu
- Öðlist færni í að nota málband
- Þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- Noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- Vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- Skilji tilgang þess að nota viðeigandi áhöld við vinnuna
- Geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- Þjálfist í útsaum / krosssaum

**Námsefni:** Samið af kennara, kennslubókin Hannyrðir í 3.-6. bekk, verkefnablöð fyrir saumavélar og á Á þrjónunum.

### **Kennslutilhögun**

Hálfur bekkur er í handmennt í einu. Kennslan byggist á innlögn þar sem m.a kennari sýnir nemendum hvernig vinna á verkefnið. Markmið verkefnis eru kynnt.

Flest verkefni eru verkleg þar sem verið er að þjálfá ákveðna afmarkaða þætti. Nemendur þjálfast í notkun saumavélar.

### **Námsmat:**

- Krosssaumsmynd 30%
- Frjálst verkefni 15%
- Saumavélaæfingar 10%
- Saumavélaerkefni 15% ( húfur, vettlingar ofl.)
- Kennaraeinkunn 30% (áhugi og hegðun iðni, og sjálfstæð vinnubrögð)

### **Smíði:**

**Kennari:** Gróa Björk Hjörleifsdóttir

**Tímafjöldi:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

### **Markmið:**

Stefnt er að því að nemandinn:

- Hafi náð valdi á að beita flestum verkfærum smíðastofunnar á réttan hátt, s.s. sög, hamri, tifsög, o.fl..
- Þekki algeng smíðaefni.
- Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með málningu.
- Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmynd.
- Sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofu.
- Sýni vinnu annarra virðingu.

**Námsefni:** Verkefni útbúin af kennara og hugmyndir nemendanna sjálfra.

**Kennslutilhögun:** Nemendur vinna þau verkefni sem fyrir þá er lagt hverju sinni og nota til þess viðeigandi verkfæri. Lögð er rík áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi og jákvætt hugarfar í tímum.

**Námsmat:**

hvort markmiðum verkefnis hafi verið náð

- Standur 40%
- Blóm 20%
- Haust/Vorverkefni 10%
- Kennaraeinkunn 30%

**Tónmennt:**

**Kennari:** Guðmundur Hermannsson

**Tímafjöldi:** Tveir tímar á viku

**Markmið:**

1. Að efla sönggleði og kenna sönglög úr ýmsum áttum
2. Að kenna og þjálf grundvallaratriði tónlistar í gegnum söng ,hljóðfæraleik og leiki.
3. Að leyfa börnum að hlusta á sem fjölbreyttasta tónlist og sýna þeim fjölbreytta notkun tónlistar
4. Læri um íslensk tónskáld. Sigvalda Kaldalóns. Friðrik Bjarnason, Jón Ásgeirsson, Þorkel Sigurbjörnsson.
5. Nemendur læra að koma fram sem hópur í kórsöng og geti sungið 10 lög blaðlaust. Ég vil elska mitt land( 1.erindi) Suðurnesjamenn(1.2 og síðasta erindi), Ísland ögrum skorið Á sprengisandi, Sumarkveðja, Flónska, Kaffikeðja,Er vetur kemst á kreik, Fylgd, Mamma Pakita
6. Hljóðsetja sögu. Nemendur velji eða semji sögu sem þau síðan skreyta með viðeigandi hljóðum.

**Kennslutilhögun:**

Nemendur koma tvisvar í viku í tónmennt. þá er sungið, klappað, spilað á hljóðfæri, farið í leiki, hlustað á tónlist og horft á myndbönd sem tengjast tónlist.

**Námsefni:**

Tónmennt. 4. Hefti verður grunn námsefnið,Töfrakassinn, Hljóðleikhúsið og sönglög úr ýmsum áttum. Það var lagið

**Námsmat:** Námsmat í formi umsagnar sem byggist á þátttöku og virkni í tímum. Engin próf eða skrifleg verkefni.